



LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Pharmaceutical Society of Iceland

Velferðarnefnd
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 9. júní 2016

Efni: Umsögn LFÍ um tillögu til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2020, 678. mál

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) vill koma á framfæri eftirfarandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2020.

1. grein:

i. liður

LFÍ leggur til að seinni hluta greinarinnar verði sleppt og verði þá svohljóðandi:

“Unnið verði að bættu aðgengi að lyfjum á landsbyggðinni, sérstaklega á smæstu stöðunum þar sem þjónusta er takmörkuð.”

LFÍ telur vænlegast að ekki verði gefin heimild til að selja í undantekningartilvikum ákveðin lausasölulyf utan lyfjabúða önnur en nikótín og flúorlyf. LFÍ leggur til að unnið verði að bættu aðgengi að lyfjum á landsbyggðinni í samvinnu við heilbrigðisstofnanir og lyfjabúðir á landsbyggðinni þar sem aðgengi er ábótavant. Reynslan á framkvæmd sölu nikótíns og flúorlyfja og aðgengi að þeim utan lyfjabúða hefur reynst brjóta í bága við lög og reglugerðir og LFÍ sér enga ástæðu til að setja almenning, hvar sem er á landinu, í aukna hættu við sölu lausasölulyfja án faglegrar ábyrgðar. Lausasölulyfjum verður að fylgja ráðgjöf sem fæst ekki í almennum verslunum. Jafnframt hvetur LFÍ til að reynsla við sölu lausasölulyfja utan lyfjabúða í nágrannalöndum okkar verði könnuð.

Virðingarfyllt,

Lóa María Magnúsdóttir
Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands